

Borgarstjórn
16. janúar 2018

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sveigjanleika í skólastarfi

Borgarstjórn samþykkir að reykvískum nemendum gefist kostur á að taka 8.-10. bekk grunnskólans á tveimur árum til að stuðla að sveigjanleika í skólastarfi og vali nemenda um námshraða. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að útfæra tillöguna í samráði við skólastjórnendur, kennara og námsráðgjafa. Auk þess verði sviðsstjóra falið að hefja viðræður og samráð við menntamálaráðuneytið um tillöguna og hvernig best verði að henni staðið.

Greinargerð:

Með sveigjanleika um námshraða verður hægt að koma betur til móts við þarfir nemenda og einstaklingsmiðað nám. Sá valkostur að geta tekið 8.-10. bekk á tveimur árum yrði liður í því að taka fyrsta skrefið að aukinni samfelli milli skólastiga.